



Starfsnám á landsbyggðinni

Lokaskýrsla

Verkefnastjóri: Hildur Þórsdóttir

Efnisyfirlit

1	Markmið verkefnis.....	2
2	Leiðir að markmiði.....	2
2.1	Viðtöl	3
2.2	Heimsóknir til starfsnámskóla og fullorðinsfræðsluaðila	3
2.3	Töluleg gögn	3
2.4	Málþing.....	3
3	Niðurstöður verkefnis.....	4
3.1	Niðurstöður viðtala	4
3.2	Niðurstöður tölulegra gagna	5
4	Umræða.....	6
5	Framtíð og þróun Fjarmenntaskólans	8
6	Kynning á verkefni	9

1 Markmið verkefnis

Tíu framhaldsskólar sem þá störfuðu saman undir heitinu Fjarmentaskólinn (sjá <http://www.fjarmentaskolinn.is>) sóttu í Sprotasjóð um verkefnið en eftir að umsókn var send inn og áður en verkefnið byrjuðu fjölgaði skólum um tvo og eru því tólf framhaldsskólar aðilar að verkefninu. Þetta eru:

Fjölbrautaskóli Vesturlands (FVA), Menntaskóli Borgarfjarðar (MB), Fjölbrautaskóli Snæfellinga (FSN), Menntaskólinn á Ísafirði (MÍ), Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra (FNV), Menntaskólinn á Tröllaskaga (MTR), Framhaldsskólinn á Húsavík (FSH), Framhaldsskólinn á Laugum (Laugar), Menntaskólinn á Egilsstöðum (ME), Verkmenntaskóli Austurlands (VA), Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu (FAS) og Menntaskólinn á Laugarvatni (ML).

Samstarf Fjarmentaskólanna tólf í dreifbýli er mikilvægt þar sem þeir þekkja menningarumhverfi hvers annars og rekstur í fámennu byggðarlagi í samstarfi við nærsamfélagið. Samstarfið felur m.a. í sér að „deila kennara“, efla fagþekkingu á fjarnámi, samkenndu fámennra hópa, auka fjölbreytni í námsframboði. Einnig að standa sameiginlega að rekstri starfsnámsbrauta annað hvort sjálfir eða í samstarfi við skóla með sérframboð í starfsnámi. Safna saman nemendum í námshóp til að tryggja námsframboð í starfsnámi og styðja við starfsnám í dreifbýli. Eitt af meginmarkmiðunum er einnig að efla menntunarstig íbúa dreifbýlisins ekki síst í starfsnámi og vinna með atvinnulífina í nærumhverfi sínu.

Í verkefninu var gert ráð fyrir samstarfi við framhaldsfræðslukerfið og leiðandi starfsmenntaskóla á sviðum sem um ræðir. Skólarnir eru allir í nánun sambýli við framhaldsfræðslukerfið en tengslin mismikil.

Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að auðvelda íbúum á starfssvæði Fjarmentaskólanna að fara í starfsnám án þess að breyta um búsetu eða hætta í vinnu og hækka þannig hlutfall þeirra sem ljúka starfsnámi. Sérstaklega er horft til þarfa og óska þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðis og Akureyrar enda starfsnámið síður aðgengilegt fyrir þá án búsetubreytinga. Það var einnig markmiðið að tengja saman Fjarmentaskólann, leiðandi starfsmenntaskóla og framhaldsfræðsluna með það í huga að þróa og efla starfsnám á Íslandi.

2 Leiðir að markmiði

Farnar voru fjórar meginleiðir til að ná fram markmiðum verkefnisins. Í fyrsta lagi voru tekin viðtöl við forsvarsmenn skóla Fjarmentaskólans um núverandi starfsnám í viðkomandi skólum og viljann til að bjóða upp á starfsnám. Í öðru lagi voru starfsnámsskólar og fullorðinsfræðsluaðilar á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri heimsóttir og möguleikar ræddir á samstarfi við Fjarmentaskólann um uppbyggingu starfsnáms á landsbyggðinni. Í þriðja lagi var tekið saman tölulegt umfang starfsnáms á landsbyggðinni og í fjórða lagi var haldið málþing með starfsfólki skóla Fjarmentaskólans um stöðu starfsnáms á landsbyggðinni og þróun mála í þeim efnum.

Einnig héldu skólameistarar Fjarmentaskólanna fundi hálfsmánaðarlega þar sem rætt var um verklag, útfærsluleiðir, aðferðir, takmarkanir og möguleika.

2.1 Viðtöl

Á haustönn 2014 var farið á milli skóla Fjarmentaskólans til að ræða möguleika þeirra og vilja til að bjóða upp á starfsnám. Tekin voru fimmtán viðtöl við skólastjórnendur skóla Fjarmentaskólans á tímabilinu september – október 2014. Viðtölin tóku samtals þrettán klukkustundir. Í þeim var farið yfir sögu og stöðu í starfsnámi í viðkomandi skóla, helstu hindranir í frekari uppbyggingu og framtíðaráform skólanna. Í viðtölum var lögð áhersla á að ræða og skoða möguleika á að Fjarmentaskólinn yrði vettvangur fyrir uppbyggingu samstarfsskólanna.

2.2 Heimsóknir til starfsnámsskóla og fullorðinsfræðsluaðila

Skólaárið 2014 – 2015 var rætt við skólastjórnendur Tækniskólans og Verkmenntaskólanas á Akureyri ásamt yfirmönnum Fræðuslumiðstöðvar atvinnulífsins og Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar. Tekin voru formleg viðtöl við þessa aðila þar sem rætt var um möguleika á að tengja saman Fjarmentaskólann, leiðandi framhaldsskóla í starfsnámi og framhaldsfræðsluna.

2.3 Töluleg gögn

Stjórnendur skóla Fjarmentaskólans voru beðnir um að taka saman töluleg gögn um umfang starfsnáms í sínum skólum. Svör bárust frá ellefu skólum af tólf. Fjórir skólar voru ekki með starfsnám, frá sex skólum bárust tölulegar upplýsingar og tveir skólar sendu skriflegar útlistanir. Unnið var úr niðurstöðunum og þær kynntar á málþingi.

2.4 Málþing

Málþing var haldið í mars og var tilgangur þess að kynna verkefnið og skapa umræður um hvernig hægt sé að auka vægi starfsnáms á landsbyggðinni. Málþingið var tvískipt. Annars vegar voru fjórir fyrirlestrar um málefni Fjarmentaskólans og hins vegar ýmsar vinnustofur. Innlegg á málþinginu voru eftirfarandi:

- Jón Eggert Bragason og Kristbjörg Hermannsdóttir FSN sögðu frá sprotasjóðsverkefni um námsframboð Fjarmentaskólans.
- Lára Stefánsdóttir MTR ræddi um stöðu og horfur Fjarmentaskólans
- Hildur Þórsdóttir FAS sagði frá tölulegum gögnum um umfang Fjarmentaskólans
- Eyjólfur Guðmundsson FAS sagði frá niðurstöðum sínum úr viðtölum við skólastjórnendur og forsvarsmanna framhaldsfræðslunnar

Þegar fyrirlestrum lauk fóru þátttakendur málþings í vinnustofur þar sem rætt var um málefni sem þátttakendur sjálfir ákváðu að væri brýnt að ræða. Eftir vinnustofur voru almennar umræður um málefni Fjarmentaskólans og hlutverk hans m.a. tengd starfsnámi.

3 Niðurstöður verkefnis

3.1 Niðurstöður viðtala

Í viðtölunum kom fram að töluvert er um það að starfsnám í Fjarmenntaskólanum er skipulagt með óhefðbundnum hætti. Þar vekur sérstaka athygli skipulag húsasmíðanáms á Akranesi þar sem eldri nemendur með reynslu í faginu geta tekið námið um kvöld og helgar á þeim hraða sem þeim hentar og geta síðan útskrifast án þess að taka almennar bóklegar greinar. Skipulag Menntaskólans á Ísafirði á málm- og vélanámi í samvinnu við fyrirtækið 3x er annað dæmi um nám sem er lagað að þörfum nemenda, samfélags og fyrirtækja. Nám í pípulögn á vegum Fjarmenntaskólans sem fór fram í lðnskólanum í Hafnfirði er síðan gott dæmi um það hvernig Fjarmenntaskólinn tekst á við eftirspurn á landsbyggðinni sem hafði ekki áður verið svarað með hefðbundnu skipulagi náms á höfuðborgarsvæðinu.

Í umræðum um nýtt starfsnám bar ýmislegt á góma. Þar má nefna að í þremur skólum var í gangi vinna með þróun náms í tengslum við stóriðju. Á Sauðráðkróki er til dæmis í gangi nám í fiskvinnslu þar sem Fisktækiskólinn, fyrirtæki, framhaldsfræðslan, og framhaldsskóli taka höndum saman um að bjóða upp á nám. Einnig voru ræddir möguleikar á þróun náms í steinsmíði, garðyrkju og ferðapjónustu.

Áhersla fyrirtækja og atvinnugreina á menntun eru greinilega með misjöfnum hætti. Þannig virðist nánast óþekkt að réttindalausir séu starfandi í rafiðngreinum en að það sé algengt í húsasmíði og bifvélavirkjun. Opinberir aðilar kaupa þjónustu af réttindalausum og mörg fyrirtæki ráða einnig réttindalausum en einnig er dæmi um miklar kröfur til iðnmenntunar svo sem hjá álverum og fiskvinnslum.

Námsefni bar nokkuð á góma í viðtölunum og þá einkum mismunur á milli greina þar sem vel er staðið að námsefnisgerð í rafiðngreinum þar sem greitt er fyrir það en staðan er verri í öðrum greinum.

Í ljós koma að margir telja að almennt nám og þá ekki hvað síst list og tækninám sé góður grunnur fyrir starfsnám en sé þó ekki oft skilgreindur hluti þess, svo sem nám tengt FabLab, forritun og þátttaka í félagslífi nemenda. Listasmiðjur fyrir fullorðna hafa til dæmis gengið vel en það vantar formlegt nám í framhaldinu.

Rætt var um að endurskipuleggja þyrfti starfsnám og auka möguleika nemenda á að taka starfsnám með sveigjalegri hætti til dæmis ef allir eru ekki staddir á saman stað í náminu eftir t.d. raunfærnimat eða fyrra nám líkt og gert er í bóknámi. Þetta á ekki hvað síst við um fullorðna námsmenn en hlutfall þeirra sem eru 25 ára og eldri er um 20% af nemendum framhaldsskóla. Þröngar áfangalýsingar í svipuðum greinum draga einnig úr möguleikum til að kenna saman greinar sem eru á sama færni- og þekkingarsviði svo sem í vél- og rafgreinum.

Raunfærnimat er talin ein best heppnaða breytingin sem orðið hefur í starfsmenntun á Íslandi undanfarin ár en ekki er sérstaklega hugað að skipulagi nám að því loknu. Viðmælendur töldu að það veikti stöðu stafsmenntunar á landsbyggðinni að hafa tvö kerfi, framhaldsskóla og framhaldsfræðslu

sem vinna ekki saman sem heild og ekki er heldur gert ráð fyrir samstarfi á milli þeirra með skipulögðum hætti.

Niðurstöður viðtala má draga fram í eftirfarandi punktum:

- Sett verði fram heildstætt námsframboð Fjarmentaskólans á gildandi námsleiðum í starfsnámi til fimm ára í senn í samstarfi við þá skóla sem bjóða upp á starfsnám
- Lögð verði áhersla á almennt nám sem hefur gildi fyrir starfshæfni
- Aukin áhersla á vinnustaðánám á landsbyggðinni til að auðvelda starfsnám í dreifbýli
- Auka tækninotkun við miðlun og móttöku náms
- Samræma námsmat Fjarmentaskólans á fullorðnum námsmönnum
- Skipuleggja greiðar námsleiðir að loknu raunfærnimati
- Tengja formlega framhaldsfræðslu og framhaldsskóla
- Gera Fjarmentaskólann að miðstöð fjarkennslu á framhaldsskólastigi
- Samþætta framhaldsskóla, framhaldsfræðslu, háskóla og námskeiðsfyrirtækja varðandi nám fyrir fullorðna.

3.2 Niðurstöður tölulegra gagna

Fyrir ráðstefnuna var beðið um gögn um starfsnám frá skólum Fjarmentaskólans. Skólarnir voru beðnir um eftirfarandi gögn:

- Fjöldi starfsnámsáfanga á haustönn 2013, vorönn 2014 og haustönn 2014 skipt eftir önnum
- Hvaða áfangar voru í boði á þessum önnum
- Hver er fjöldi nemenda í hverjum áfanga fyrir sig
- Aldursdreifingu/meðalaldur og kynjaskiptingu í hverjum áfanga.
- Almennt mat á því hvað gekk vel og hvað má betur fara.

Þegar gögnin voru skoðuð nánar kom í ljós að upplýsingar frá skólunum voru misnámkvæmar og settar upp á mismunandi hátt. Einnig er ljóst að nemendur eru margtaldir í þessum tölum og liggur því ekki fyrir hversu margir nemendur stunduðu nám á tímabilinu. Tölulegu gögnin eru því talsvert gölluð og þyrfti að afla þeirra á nýjan leik með mun nákvæmari fyrirmælum um hvernig upplýsingarnar skulu vera settar upp. Hinsvegar má gera ráð fyrir að samræmi sé innan gagnanna og eru hér að neðan helstu niðurstöður:

Tafla 1. Starfsnámsáfangar í boði eftir skólum

Önn	FVA	MÍ	FNV	MTR	VA	FAS	Alls
Haust 2013	70	28	49	16	7	10	180
Vor 2014	56	32	50	19	7	15	179
Haust 2014	58	32	58	23	7	14	192
Alls	184	92	157	58	21	39	551

Tölurnar í töflu 1 sýna að umfang starfsnáms í skólunum er töluvert og er breyting milli anna óveruleg. Hins vegar er ljóst á þessum tölum að umfang milli skóla er mismikið.

Tafla 2. Kyn og aldursgreining nemenda

	Haust 2013	Vor 2014	Haust 2014
Nemendafjöldi	1909	1850	2264
Meðalaldur	24,2 ár	27,3 ár	29 ár
Nemendur yngri en 25 ára	886	841	1057
Nemendur 25 ára og eldri	422	351	439
Karlar alls	718	920	944
Konur alls	520	340	544

Áhugavert er að skoða töflu 2. Þar kemur m.a. fram að meðalaldur nemenda í starfsnámi við skólana er frekar hár og fer hækkandi með önnum. Einnig er vert að benda á að karlmenn eru í miklu meirihluta þeirra sem stunda starfsnám við skólana sem er mikilvægt í ljósi þeirrar staðreyndar að karlmenn sækja sér síður menntun en konur einkum á háskólastigi. Vert er að benda á að hluti þeirra sem skráður er í bóknám í skólum Fjarmentaskólans eru samhliða í verknámi í öðrum skóla.

4 Umræða

Eitt af meginmarkmiðum Fjarmentaskólans er að auðvelda fólki á landsbyggðinni að sækja sér menntun í sinni heimabyggð. Uppbygging skólans hefur verið hæg og sígandi með aukinni áherslu á starfs- og verknám. Eitt af meginmarkmiðum sprotaverkefnisins var að skapa umgjörð sem gerir fólki á landsbyggðinni auðveldara að fara í starfsnám án þess að breyta um búsetu eða hætta vinnu. Hitt meginmarkmiðið er að auka námsframboð í starfsnámi á landsbyggðinni. Þessi tvö meginmarkmið er eðli málsins samkvæmt langtíamarkmið sem falla vel að langtíamarkmiðum Fjarmentaskólans.

Á haustönn 2015 er nám í Fjarmentaskólanum skipt niður í fimmtán námsleiðir og þar af eru fjórtán starfnámsbrautir (www.fjarmentaskolinn.is). Í upphafi var lögð talsverð áhersla á nám til stúdentsprófs en eftir því sem tíminn leið var boðið upp á fjölbreyttari námsleiðir. Á undanförunum árum hefur sjúkraliða-, félagsliða- og skólaliðanám (hér eftir nefnt liðanám) fest sig í sessi þar sem skólar Fjarmentaskólans vinna náið saman að því að skapa sem best námsumhverfi fyrir nemendur. Einnig er nú boðið upp á nám í pípulögnum í samstarfi við Iðnskólann í Hafnarfirði. Fjarmentaskólinn býðir upp á nám í tækniteikun í samvinnu við Tækniskólann. Menntaskólinn á Tröllaskaga hefur haft veg og vanda að því að þróa nám í listgreinum þar á meðal listljósmyndun en vert er að geta þess að kennari sem fastráðin í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu kennir einnig við Menntaskólann á Tröllaskaga í hlutastarfi. Tengist þetta viðfangsefni Fjarmentaskólanna að deila kennara Dæmin hér að framan sýna vel þá gerjun sem á sér stað innan skóla Fjarmentaskólans.

Þrátt fyrir að samstarf Fjarmentaskólanna hafi vaxið og dafnað hægt og sígandi undanfarin ár má segja að þarf hafi vöxtur mestur verið í innra starfi, skipulagi, samstarfsaðferðum og verklagi. Mikill vilji er til að þróa og efla starfsnámsframboð. Með reynslu og þróun aðferða er talinn grundvöllur til að efla það á markvissan hátt. Í Fjarmentaskólanum hafa þróast tvær megin námsaðferðir til að koma til móts við nemendur í starfsnámi. Annars vegar lotubundið staðnám þar sem nemendur koma um kvöld og helgar í styttri tíma og hins vegar hefðbundið fjarnám þar sem samskipti nemenda og kennara fara fram á netinu. Dæmi um lotunám á vegum Fjarmentaskólans er til dæmis í húsasmíði og pípulögnum en netnám í liðanámi. Mikilvægt er að þróa þessar námsaðferðir með sérstakri áherslu á starfsnám.

Styrkur Sprotasjóðs var gríðarlega mikilvægur til að gefa skólastjórnendum skóla Fjarmentaskólans tækifæri á að vinna markvisst að þessu markmiði. Viðræður við skólastjórnendur Tækniskólans og Verkmenntaskóla Austurlands hafa m.a. leitt til þess að skýrari og sterkari tengsl eru nú við þessa skóla og eru viðræður við Verkmenntaskóla Austurlands um lotunám fyrir landsbyggðina hafnar. Einnig hefur verið rætt við Verkmenntaskólann á Akureyri sem hefur verið að skoða möguleika á að setja upp lotunám fyrir nemendur í dreifbýli m.a. í samstarfi við hluta fjarmentaskólanna undir s.k. norðaustursamstarfi. Gera má ráð fyrir að þær lausnir henti öllum Fjarmentaskólunum og getur því haft áhrif um land allt.

Tengsl og faglegt samstarf skólastjórnenda skóla Fjarmentaskólans hafa einnig aukist mikið sem leiðir til hugmynda um fjölbreyttari lausnir sem nýtast öllum skólunum. Sem dæmi má nefna fór sjö skólastjórnendur skóla Fjarmentaskólans á ráðstefnu til Zageb og var eitt meginmarkmið fararinnar að byggja upp tengsl á Evrópska vísu og kynnast aðferðum og tækni sem nýst gæti skólunum. Það er engin tilviljun að það voru skólastjórnendur skóla Fjarmentaskólans sem fóru á þessa ráðstefnu og átti samstarf undanfarinna ára mikinn þátt í því. Vert er að benda á að kostnaður Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu vegna ráðstefnunnar var u.þ.b. 300.000 krónur og því má gera ráð fyrir að kostnaður skólanna allra sé um tvær milljónir króna. Einnig má geta þess að stjórnarfundir Fjarmentaskólans eru haldnir hálfsmánaðalega allan veturinn og eru vettvangur þróunar og samstarfs Fjarmentaskólans.

Tengsl skóla Fjarmentaskólans við símenntunarstöðvar landsins hafa verið að aukast eftir að verkefnið hóf göngu sína. Fyrir nokkrum vikum var fundur Fjarmentaskólans og Kvasis – Samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og var umræðuefnið samstarf milli þeirra. Markmið með samstarfinu er að efla frekar starfsnám á landsbyggðinni og auðvelda nemendum með stutta skólagöngu framgang í framhaldsskólakerfinu.

Langtímamarkmið Fjarmentaskólans er að búa til heildstætt sveigjanlegt kerfi námsframboðs fyrir alla íbúa landsbyggðarinnar. Samstarfið hefur breyst og þróast í gegnum árin framsetning upplýsinga hefur orðið skýrari með árunum og verklagsreglur um meðferð námsumsóknna eru markvissari .

Samstarf skóla Fjarmentaskólans er sem stendur í mikilli gerjun og er það álit skólastjórnenda að sú vinna sem átti sér stað skólaárið 2014 – 2015 hafi átt mikinn þátt í því. Það eru veigamikil rök fyrir því að halda áfram að efla samstarfið enn frekar. Litlir skólar í dreifbýli þekkja menningarumhverfis hvers annars og er rekstur þeirra mjög ólíkur rekstur stórra skóla í þéttbýli þar sem þekking á dreifbýli er oft takmörkuð. Skólar Fjarmentaskólans geta einnig samnýtt kennara og tryggt meiri fjölbreytni í námi. Hægt er að vera með sameiginlegan rekstur starfsnámsbrauta og bjóða upp á námslotur og fjarnám. Fjarmentaskólanir geta safnað nemendum í einn stóran hóp sem eykur rekstrarhæfni skólanna.

Samvinna skólanna myndi jafna sveiflur árganga og auka starfsöryggi starfsmanna. Fjarmentaskólinn er klasi námstækifæra þar sem fagþekkingu er miðlað og lausnir þróaðar í samstarfi jafningja.

5 Framtíð og þróun Fjarmentaskólans

Á haustönn komst fast skipulag á símafundi Fjarmentaskólans. Fundirnir eru hálfsmánaðarlega og í um klukkustund í senn. Boðað er til fundar með dagskrá og færðar eru fundargerðir. Ársfundur Fjarmentaskólans er einnig að festast í sessi en hann hefur nú tvö ár í röð verið haldinn á Selfossi í lok samráðsfundar mennta- og menningarmálaráðuneytis og skólameistara framhaldsskólanna. Fjarmentaskólafundurinn hefur verið frá hádegi á fimmtudegi til hádegis á föstudegi.

Segja má að Fjarmentaskólinn starfi á þremur meginsviðum. Í fyrsta lagi er um að ræða sameiginlegt starfsnámsframboð aðildarskólanna. Þar hefur náðst að festa í sessi nýtt skipulag þess starfsnáms sem skólarnir buðu áður uppá. Farið hefur verið af stað með nýjungar eins og í námi í tækniteiknun og pípulögn. Einnig hefur verið rætt um aukið samstarf milli þeirra skóla sem hafa komið sér upp FabLab aðstöðu og þeirra sem leggja áherslu á list- og verknám. Með því yrði tengt saman frumkvöðlanám, verknám og listnám sem fellur vel að þeirri þróun sem á sér stað í atvinnulífinu þar sem aukar kröfur eru um frumkvæði, sköpun og tölvuvæðingu. Uppstokkun á starfsnámi samkvæmt nýrri námsskrá er þó í ákveðinni biðstöðu sem getur torvelað slíka þróun. Þó er einnig hugsanlegt að þróun náms með þessum hætti geti brotið ísinn í þróun starfsnáms.

Annað meginsvið Fjarmentaskólans er miðlun á nemendum og kennurum á milli skólanna sem einnig fékkst styrkur til að vinna að frá Sprotasjóði. Þessi miðlun er í höndum áfangastjóra skóla Fjarmentaskólans sem náð hafa að koma á lipru kerfi. Á ársfundinum í nóvember var ákveðið hvernig tekið verður á móti nýnemum í almennu fjarnámi sem sækja um nám á vef Fjarmentaskólans og í janúar ætti vera komin reynsla á það fyrirkomulag.

Þriðja megin starfssvið Fjarmentaskólans er að vera almennur samráðsvettvangur framhaldsskóla á landsbyggðinni. Þetta svið hefur verið að eflast mikið í gegnum reglulega fundi. Tölvupóstar eru einnig nýttir til þess að leita eftir upplýsingum um það sem verið er að vinna að á hverjum tíma. Stjórnendum finnst þeir oft fá greiðari og betri svör á vettvangi Fjarmentaskólans í en í heildarsamtökum framhaldsskóla. Á síðasta ársfundi var einnig lagt til að ráðinn yrði starfsmaður í hlutastarf til að halda utan um starfið og að kostnaði við það yrði deilt niður á skólanna.

Uppbygging og þróun Fjarmentaskólans byggist að stórum hluta á vilja og áhuga aðildarskólanna en er einnig háð ytri aðstæðum. Þar má nefna hvað verður um nemendur á framhaldsskólastigi sem eru eldri en 25 ára og hafa hug á bóknámi, hvernig framhaldfræðslan þróast, hvort einhverjir framhaldsskólar verði sameinaðir eða skipulögð samvinna þeirra aukinn. Hvað sem öðru líður er mikil áhugi á því innan Fjarmentaskólans að hann verði vikur þátttakandi í uppbyggingu og þróun náms á framhaldsskólastigi til skemmri og lengri tíma.

6 Kynning á verkefni

Skýrsla þessi um verkefnið verður sett á heimasíðu Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og heimasíðu Fjarmentaskólans.

Hildur Þórsdóttir, 8. september 2015